

Ár 2012, þriðjudaginn 5. júní, var fundur í kjararáði að Hverfisgötu 6a í Reykjavík haldinn af Svanhildi Kaaber, Jónasi Þór Guðmundssyni og Kolbeini H. Stefánssyni.

Fyrir var tekið:

Að ákveða laun og starfskjör forstjóra Landhelgisgæslu Íslands

I.

Samkvæmt 1. mgr. 1. gr. laga nr. 47/2006 um kjararáð, sbr. 1. gr. laga nr. 168/2007 um breyting á þeim lögum, er verkefni ráðsins meðal annars að ákveða laun forstöðumanna ríkisstofnana. Landhelgisgæsla Íslands er ríkisstofnun og starfar samkvæmt lögum nr. 52/2006. Heyrir því undir kjararáð að ákveða forstjóra Landhelgisgæslu Íslands laun.

II.

Kjararáði barst bréf dagsett 7. desember 2011 frá forstjóra Landhelgisgæslu Íslands. Í bréfinu er greint frá gjörbreyttri stöðu og umfangi Landhelgisgæslunnar og þess óskað að kjararáð endurskoði launakjör forstjórans. Í bréfinu kemur fram að starfsemi Landhelgisgæslunnar hafi til lengri tíma verið í föstum skorðum en hafi á undanförunum fimm árum tekið stórfelldum breytingum, ekki síst á árinu 2011 þegar stofnuninni hafi verið falin umsjón og ábyrgð verkefna fyrrum Varnarmálastofnunar í Keflavík. Í bréfinu segir að starfsemi Landhelgisgæslunnar nái til alls landsins líkt og starfsemi ríkislögreglustjórans, landlæknis, tollstjóra og fleiri stofnana. Fram kemur að starfsmenn Landhelgisgæslunnar séu nú um 240 og hafi þeim fjölgað um helming á rúmum tveimur árum. Þá segir að fjárheimildir Landhelgisgæslunnar hafi hækkað verulega síðastliðin ár. Fjárheimild fyrir árið 2011 hafi verið 3.857 milljónir króna samanborið við rétt um 1.300 milljónir króna árið 2005. Fjárheimild Landhelgisgæslunnar fyrir árið 2012 sé áætluð 4.076 milljónir króna. Landhelgisgæslan sé ábyrg fyrir tækjum og búnaði að bókfærðu verðmæti um 170 milljarða króna (skip, þyrlur, flugvél, ratsjárstöðvar og fleira), auk fjölmargra fasteigna á fyrrum varnarsvæði í Keflavík. Mikil fjárfesting liggja í tækjabúnaði Landhelgisgæslunnar og nú síðast með tilkomu nýrrar eftirlits- og björgunarflugvélar og nýs fjölnota varðskips hafi verðmæti þeirra tækja sem stofnunin beri ábyrgð á aukist um rúma 10 milljarða. Í bréfinu segir einnig að starfsemi Landhelgisgæslunnar hafi á síðastliðinum tveimur árum farið fram í þremur heimsálfum og fjölmörgum löndum þar sem gríðarlegir hagsmunir hafi verið í húfi vegna leigu tækja og mannafla til verkefna erlendis. Þá hafi erlent samstarf stóraukist en Landhelgisgæslan sé hluti af alþjóðlegu neti leitar- og björgunaraðila nágrannaríka á Norður-Atlantshafi og þátttakandi í ýmsum samtökum á því sviði. Auk þess sé Landhelgisgæslan fulltrúi Íslands í öllum þeim málum er snúi að leit og björgun á sjó og nú einnig vegna varnartengdra verkefna sem Landhelgisgæslunni hafi verið falin, meðal annars á vettvangi Norðurskautsráðsins, auk fjölmargra annarra verkefna á því sviði. Vegna alls þessa hafi ábyrgð og umfang starfs forstjóra Landhelgisgæslunnar aukist verulega og vinnuframlag samhliða því. Rekstrarlegt og verkefnalegt umfang Landhelgisgæslunnar hafi stóraukist og tekið allmiklum breytingum á öllum sviðum, svo sem á sviði löggæslu, öryggisgæslu og á alþjóðlegum vettvangi.

Með bréfum dagsettum 5. janúar 2012 gaf kjararáð fjármálaráðuneyti og innanríkisráðuneyti kost á að leggja fram greinargerðir vegna erindis forstjóra Landhelgisgæslu Íslands, sbr. 6. gr. laga um kjararáð.

Fjármálaráðuneyti sendi kjararáði bréf dagsett 20. janúar 2012. Í bréfinu er vísað til þess að Landhelgisgæsla Íslands hafi tekið við hluta af þeim verkefnum sem voru hjá Varnarmálastofnun þegar sú stofnun var lögð niður. Að öðru leyti sé fjármálaráðuneytinu ekki kunnugt um á hvern hátt starfsemi Landhelgisgæslunnar hafi breyst eða aukist frá því að kjararáð úrskurðaði síðast um launakjör forstjórans.

Í bréfi innanríkisráðuneytis dags. 25. janúar 2012 kemur fram að ráðuneytið telji að við endurskoðun launa forstjóra Landhelgisgæslu Íslands sé sanngjarnt að taka mið af því að stofnuninni hafi verið falið ábyrgð á verkefnum sem Varnarmálastofnun sinni áður. Einnig kemur fram að ráðuneytið telur sanngjarnt að líta til þeirra kjara sem forstjóri Varnarmálastofnunar hafði.

Með bréfi dagsettu 1. febrúar 2012 fékk forstjóri Landhelgisgæslu Íslands send svör ráðuneytanna til kynningar og honum gefinn kostur á að koma á framfæri athugasemdum um efni þeirra.

III.

Samkvæmt 1. gr. laga nr. 52/2006 um Landhelgisgæslu Íslands sinnir stofnunin öryggisgæslu og björgun á hafi úti, fer með löggæslu á hafinu og gegnir öðrum verkefnum samkvæmt ákvæðum laganna, ákvæðum reglugerða á grundvelli þeirra og öðrum lögbundum fyrirmælum. Samkvæmt lögnum eru helstu verkefni Landhelgisgæslu Íslands löggæsla og eftirlit á hafinu umhverfis Ísland, ábyrgð og yfirstjórn á leit og björgun á sjó, aðstoð við björgun og sjúkraflutninga á landi, sjómælingar, sjókortagerð og sprengjueyðing. Með lögum nr. 98/2010 var varnarmálalögum nr. 34/2008 breytt, Varnarmálastofnun lögð niður og heimild gefin til að gera verksamninga og samninga um rekstrarverkefni, sem falla undir varnarmálalög, við aðrar ríkisstofnanir. Með samkomulagi utanríkisráðherra og innanríkisráðherra frá því í desember 2010 yfirtók Landhelgisgæsla Íslands flest meginverkefni Varnarmálastofnunar, þar með talinn rekstur íslenska loftvarnarkerfisins, þátttöku í samræmdu loftrýmiseftirliti og loftrýmisgæslu á vegum Atlantshafsbandalagsins, undirbúning og umsjón varnaræfinga og umsjón gistiríkjastuðnings.

Samkvæmt 2. gr. laga nr. 52/2006 um Landhelgisgæslu Íslands fer ráðherra með yfirstjórn Landhelgisgæslunnar. Hann skipar forstjóra til fimm ára í senn. Forstjóri stjórnar daglegum rekstri Landhelgisgæslu Íslands og er ráðherra til ráðgjafar og aðstoðar um allt er lýtur að málefnum hennar. Forstjóri ræður aðra starfsmenn og ákveður starfssvið þeirra í samræmi við þarfir stofnunarinnar, sérþekkingu þeirra og réttindi, sbr. 20. gr. laganna. Samkvæmt 5. gr. laganna fara tilteknir starfsmenn Landhelgisgæslu Íslands, þar með talinn forstjóri, með lögregluvald þegar þeir aðstoða við löggæslu í efnahagslögsögu Íslands samkvæmt lögnum. Starfssvæði Landhelgisgæslu Íslands er hafið umhverfis Ísland, þ.e. innsævið, landhelgin, efnahagslögsagan og landgrunnið, auk úthafsins samkvæmt reglum þjóðaréttar. Landhelgisgæsla Íslands sinnir einnig verkefnum á landi í samstarfi við lögreglu og önnur yfirvöld, sbr. 3. gr. laganna.

IV.

Í 8. gr. laga um kjararáð segir, að það skuli við úrlausn mála gæta innbyrðis samræmis í starfskjörum þeim sem það ákveður, og að þau séu á hverjum tíma í samræmi við laun í þjóðfélaginu hjá þeim sem sambærilegir geta talist með tilliti til starfa og ábyrgðar. Við ákvörðun sína skal kjararáð gæta þess að föst laun fyrir dagvinnu, annarra en forseta Íslands, verði ekki hærri en föst laun forsætisráðherra samkvæmt 3. gr. Við ákvörðun launakjara samkvæmt 4. gr. laganna skuli sérstaklega gæta samræmis milli þeirra og þeirra kjara hjá ríkinu sem greidd eru á grundvelli kjarasamninga annars vegar og ákvarðana kjararáðs samkvæmt 3. gr. hins vegar. Þá skuli kjararáð ætíð taka tillit til almennrar þróunar kjaramála á vinnumarkaði. Í 10. gr. laganna segir að ráðið skuli taka mál til meðferðar þegar því þyki þurfa og ætíð ef orðið hafa verulegar breytingar á þeim launum í þjóðfélaginu sem höfð skulu til viðmiðunar samkvæmt lögnum eða á störfum þeirra sem úrskurðarvald þess tekur til.

Kjararáð hefur ekki áður tekið ákvörðun um laun forstjóra Landhelgisgæslu Íslands, en kjaranefnd ákvað honum laun 14. september 1999. Frá þeim tíma hafa laun hans tekið breytingum í samræmi við almennar ákvarðanir kjaranefndar og síðar kjararáðs.

Þær breytingar sem orðið hafa á starfsemi Landhelgisgæslu Íslands síðan forstjóra voru síðast ákvörðuð laun gefa tilefni til breytinga á launum hans. Má þar meðal annars nefna yfirtöku verkefna Varnarmálastofnunar sem lögð var niður í árslok 2010. Við ákvörðun launakjara forstjórans hefur verið höfð hliðsjón af launakjörum ríkislögreglustjórans.

Með hliðsjón af framansögðu hefur kjararáð ákveðið að laun forstjóra Landhelgisgæslu Íslands skuli vera sem segir í ákvörðunarorði.

V.

Ákvörðunarorð

Frá og með 1. janúar 2011 skulu mánaðarlaun forstjóra Landhelgisgæslu Íslands vera samkvæmt launatöflu kjararáðs nr. 502, launaflokkur 138, krónur 753.974 frá 1. janúar til 31. maí 2011, krónur 790.917 frá 1. júní 2011 til 29. febrúar 2012 og krónur 818.601 frá 1. mars 2012.

Frá 1. janúar til 30. september 2011 skal að auki greiða honum 15 einingar á mánuði fyrir alla yfirvinnu er starfinu fylgir. Á þeim tíma er eining 1% af launaflokki 502-126, krónur 5.058 frá 1. janúar til 31. maí 2011 og krónur 5.306 frá 1. júní til 30. september 2011.

Frá 1. október 2011 skal greiða honum 31 einingu á mánuði fyrir alla yfirvinnu er starfinu fylgir. Eining er 1% af launaflokki 502-132, krónur 6.473 frá 1. október 2011 til 29. febrúar 2012 og krónur 6.700 frá 1. mars 2012.

Einingar greiðast alla mánuði ársins, einnig í sumarleyfi. Af því leiðir að ekki er greitt orlofsfé á einingar.

Laun eru við það miðuð að um fullt starf sé að ræða og þannig ákveðin að ekki komi til frekari greiðslna nema kjararáð úrskurði um það sérstaklega.

Um almenn starfskjör forstjóra Landhelgisgæslu Íslands gilda reglur kjararáðs frá 30. maí 2007.

Svanhildur Kaaber

Jónas Þór Guðmundsson

Kolbeinn H. Stefánsson